

Nd. **28. Frumvarp til laga** [28. mál]
um skattfrádrátt fyrir fiskvinnslufólk.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

Fiskvinnslufólk með starfsstéttamerkingu 35, þ.e. ófaglært verkafólk, 34, þ.e. faglært starfsfólk í fiskiðnaði, og 33, þ.e. fólk við verkstjórnarstörf í fiskiðnaði, skal við álagningu

tekjuskatts eiga rétt á frádrætti sem nema skal 10% af beinum tekjum af störfum við fiskvinnslu, sbr. C-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta þingi af sömu flm. en hlaut þá ekki afgreiðslu þótt áskoranir bærust frá fjölmörgum aðilum um að Alþingi samþykkti frv. Er frv. nú endurflutt, með smávægilegri formbreytingu, í upphafi þings þannig að tímaskortur í störfum Alþingis torveldi ekki afgreiðslu málsins að þessu sinni.

Fr. því, sem flutt var í fyrra, fylgdi grg. og eru röksemdir þær fyrir samþykkt frv., sem þá komu fram, enn í fullu gildi. Í grg. sagði:

„Að undanfögnu hefur bilið milli tekjuhópa farið breikkandi á Íslandi. Talsvert stórir hópar fólks í landinu geta a.m.k. að verulegu leyti ráðið tekjum sínum sjálfir og er þar í mörgum tilvikum um að ræða sömu aðila og komist geta hjá því að greiða sinn skerf til sameiginlegra þarfa. Þrátt fyrir margumtalaða efnahagserfiðleika þjóðarinnar virðast þessir hópar landsmanna hafa fullar hendur fjár og rúm fjárráð þeirra koma m.a. fram í gífurlegum innflutningi og þenslu. Það er ekki venjulegt verkafólk eða opinberir starfsmenn sem standa undir metinnflutningi á munaðarvörum til landsins eða mikilli eftirspurn sem síðan veldur þenslu heldur eru það hinir sem skammta sér launin sjálfir og hafa getað velt af sér öllum þeim byrðum sem stjórnvöld hafa lagt á landsmenn og hafa leitast við að dreifa á þegnana alla.

Aðgerðir núverandi ríkisstjórnar í kjaramálum hafa sérstaklega vakið athygli á þeim mikla kjaramun og mun á lífsstíl sem orðinn er á milli þessara tveggja hópa Íslendinga; annars vegar þeirra sem þurfa að lifa af launagreiðslum í samræmi við opinbera launataxta og standa þar að auki undir rekstri þjóðarbúsins og hins vegar hinna sem nánast geta skammtað sér laun sjálfir og um leið komið sér undan skyldum sínum við samborgarana. Þessir tveir hópar landsmanna eru nánast eins og tvær óskyldar þjóðir í einu og sama landinu sem fátt eiga sameiginlegt nema tungumálið.

Til viðbótar við þann almenna vanda, sem landsmenn glíma nú við vegna afkomu sinnar og steðjar að flestum þeim sem þiggja laun samkvæmt opinberum launatöxtum og þurfa að bera byrðar samfélagsins, kemur sérstakur vandi hjá einstökum starfsstéttum. Fiskimenn og fiskverkunarfólk eru slík starfsstétt. Með síauknum hömlum á fiskveiðum vegna rangrar fjárfestingarstefnu stjórnvalda hafa möguleikar fiskimanna til þess að sjá sér farborða versnað jafnt og þétt uns nú þegar tekið hefur verið fyrsta skrefið með kvótakerfinu til opinberrar stjórnar í fiskveiðum sem um margt minnir á þá stjórnarhætti sem viðgengist hafa í málefnum landbúnaðarins á Íslandi.

En kvótakerfið hefur ekki aðeins bitnað á fiskimönnum heldur einnig á fiskverkunarfólki. Við lág laun hefur nú bæst vaxandi öryggisleysi í atvinnumálum vegna atvinnuleysis fjölda manna um lengri eða skemmri tíma á sífellt fleiri stöðum. Ásamt með sjómönnum hefur verkafólk í fiskvinnslu þannig orðið að taka á sig kjaraskerðingu umfram þá almennu kjaraskerðingu sem orðið hefur hjá því fólki sem vinnur á opinberum launatöxtum og hefur ekki getað velt vanda þjóðarbúsins af sér og yfir á annarra herðar eins og sumir aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa gert.

Fiskimenn berjast einmitt nú fyrir bættum kjörum í launamálum og þessi barátta tekur sérstaklega mið af þeirri sérstöðu sem launafólk á sjó og við fiskvinnslustörf býr við. Eðlilegt er að sameiginleg sérstaða þessara tveggja starfshópa – fiskimanna og fiskverkunarfólks – í kjaramálum sé tekin til athugunar samtímis. Tilgangur þessa frumvarps er einmitt sá að leysa hinn sérstaka vanda fiskverkunarfólks í kjaramálum með svipuðum hætti og fordæmi er þegar fyrir bæði í gildandi lögum í sambandi við fiskimannafrádrátt og sömuleiðis í umræðum og tilboðum stjórnvalda sem iðulega hafa rætt um aðgerðir í skattamálum til þess að koma til móts við sérstakan vanda í kjaramálum.

Tillaga flutningsmanna frumvarpsins er sú að fólki, sem vinnur að fiskverkun, þ.e. ófaglærðu verkafólki, faglærðu fólki, s.s. eins og fólki úr fiskvinnsluskóla, og verkstjörum í fiskvinnslu, verði veittur sérstakur frádráttur frá tekjum við álagningu tekjuskatts og nemi sá frádráttur 10% af þeim launum sem þetta fólk hefur fengið greidd fyrir fiskvinnslustörf en það er um sama hundraðshluta að ræða og fiskimannafrádrátturinn nemur skv. gildandi lögum. Hér er um tiltölulega einfalda aðgerð að ræða sem tryggir varanlegar kjarabætur og gæti komið nokkuð til móts við þá sérstöku kjaraskerðingu sem fiskverkunarfólk hefur orðið fyrir að undanfögnu og auk þess getur þetta orðið til þess að gera störf við fiskvinnslu meira aðlaðandi. Nú er einmitt brýn þörf á því að starfskjör fólks í þeirri undirstöðuáttugrein, sem fiskveiðar og fiskvinnsla er fyrir afkomu þjóðarbúsins, séu með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert að starfa í þessum starfsgreinum. Það er alvörumál – ekki aðeins fyrir starfsgreinina heldur einnig þjóðarheildina – þegar fólk leitar unnvörpum úr fiskveiðum og fiskvinnslu í aðrar starfsgreinar sem flestar eða allar eiga í raun vöxt sinn og viðgang undir því að undirstöðustörfin í landinu, fiskveiðar og fiskvinnsla, geti gengið eðlilega fyrir sig. Það getur ekki orðið nema þær starfsgreinar geti boðið launakjör og starfsaðstöðu sem gerir það eftirsóknarvert að leita starfa einmitt þar. Langur vegur er nú frá því að svo sé.“

Við það sem hér er sagt má svo bæta því að s.l. ár hefur staðfest þá öfugþróun sem flm. töldu sig sjá fyrir í málefnum fiskverkunarfólks. Vegna lélegra launakjara hefur orðið slíkur skortur á fólki til fiskvinnslustarfa að stórfelldir erfiðleikar hafa orðið á því að tryggja erlendum kaupendum verkaðan fisk og eru fiskmarkaðir okkar erlendis komnir í hættu af þeim sökum. Í stað aukinnar vinnslu hráefnis frá sjávarútveginum í landinu sjálfu hefur verið um að ræða samdrátt í vinnslu en vaxandi hráefnisútflutning, jafnvel til samkeppnis- aðila í fiskvinnslu sem selja síðan þennan afla af Íslandsmiðum verkaðan í samkeppni við fyrirtæki Íslendinga sjálfra. Þannig má segja að Bretar séu að hefja á ný sínar gömlu úthafsveiðar á Íslandsmiðum til verkunar heima fyrir; að vísu undir íslensku flaggi svona að nafninu til. Þessi öfugþróun, sem á rætur sínar að rekja til lélegra launakjara í fiskverkun samanborið við önnur störf, er ekki aðeins hættuleg sjávarútveginum heldur og þjóðar- búskapnum í heild, því að verslunar og þjónustustörf, sem fólkið virðist flýja í, geta aldrei tryggt þjóðarútláttina þá afkomu sem sjávarútvegur og fiskvinnsla hafa staðið undir.

Vissulega kemur til greina að fara aðrar leiðir í sambandi við fiskvinnslufrádrátt frá skatti en hér er gerð tillaga um – t.d. að veita fiskvinnslufólki, sem skilar tilteknum lágmarksstarfstíma í greininni, fastan skattafslátt í krónutölu, en einnig sú framkvæmd er tiltölulega einföld frá skatttæknilegu sjónarmiði. Flm. eru reiðubúnir til þess að skoða slíkar ábendingar. Meginatriðið er að þær aðgerðir þjóni sama tilgangi og vakir fyrir flm. þessa frv. – þ.e. að bæta kjör fiskvinnslufólks með varanlegum aðgerðum sem koma því ótvírætt til góða og geta komið til viðbótar hefðbundnum samningum um kaup og kjör.